Nr. 119 18. desember 2015

# LÖG
**um breytingu á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 52/2006 (verkefni erlendis).**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þá er Landhelgisgæslunni heimilt að fengnu samþykki ráðherra að taka þátt í samstarfsverkefni erlendis, enda verði slíkt verkefni ekki það umsvifamikið að stofnunin fái ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum. Landhelgisgæslan gerir ráðherra grein fyrir verkefninu og umfangi þess ásamt hættumati.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. desember 2015.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Ólöf Nordal.*

A-deild – Útgáfud.: 21. desember 2015